



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 11. maí 2023
Tilvísun FLE 3-2023

**Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur**

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum ársreikninga, 981 mál.

Framangreint frumvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi. Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur tekið frumvarpið til skoðunar og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Inngangur

Hvað varðar breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun (94/2019) þá fagnar nefndin því að tekinn sé af vafi um að siðareglur séu hluti af góðri endurskoðunarvenju og að þar með gildi alþjóðlegar siðareglur endurskoðenda héraðs. Í því samhengi vill nefndin jafnframt koma því á framfæri að alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar og nýrri útgáfur siðareglna hafa ekki verið þýdd á íslensku sem væri æskilegt að stjórnvöld stæðu að.

Varðandi 10. grein a. lið frumvarpsins

Þar segir „sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili ...“. Nefndin er þeirrar skoðunar að orðalagið utanaðkomandi aðili sé afar óskýrt, en sé aftur á móti skýrara og í betra samræmi við tilskipunina, eins og það er sett fram í greinargerðinni með ákvæðinu í frumvarpinu. Vill nefndin því leggja til að orðalaginu í 10. grein frumvarpsins verði breytt til samræmis við greinargerðina.

Varðandi 11. grein frumvarpsins


Það er álit nefndarinnar að afar óljóst er hvað sé átt við með orðalaginu „heilindi upplýsinga“ í lagabreytingunni og er það heldur ekki útskýrt í greinargerðinni.

Varðandi 12. grein b. lið frumvarpsins

Hvorki í greinargerð með frumvarpinu né heldur í lagagreininni sjálfri er kveðið á um með hvaða hætti eftirlit endurskoðendaráðs með frammistöðu endurskoðunarnefnda skuli fjármagnað. Í dag er rekstur ráðsins eingöngufjármagnaður með árlegri gjaldtöku af endurskoðendum auk gjalds sem endurskoðendur, sem sæta gæðaeftirliti, greiða. Þar sem störf sem og frammistaða endurskoðendanefnda snýr að engu leyti að endurskoðendum þarf að tryggja að slíkt frammistöðumat verði ekki fjármagnað með gjaldtöku af endurskoðendum.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE